

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 235/2019

frá 27. september 2019

### um breytingu á VI. viðauka við EES-samninginn (Félagslegt öryggi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun nr. E6 frá 19. október 2017 um hvenær telja skuli að rafræn boð hafi verið afhent með löglegum hætti í kerfinu fyrir rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar (EESSI) <sup>(1)</sup>.
- 2) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 3.E5 (ákvörðun nr. E5 frá 16. mars 2017) í VI. viðauka við EES-samninginn:

„3.E6 **32018 D 1004(02)**: Ákvörðun nr. E6 frá 19. október 2017 um hvenær telja skuli að rafræn boð hafi verið afhent með löglegum hætti í kerfinu fyrir rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar (EESSI) (Stjtið. ESB C 355, 4.10.2018, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. E6, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. september 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 355, 4.10.2018, bls. 5.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gunnar Pálsson**

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING